

Hagir og líðan ungs fólks á Seltjarnarnesi


***Niðurstöður rannsókna meðal
nemenda í 8., 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi vorið 2006***

Margrét Lilja Guðmundsdóttir

Álfgeir Logi Kristjánsson

Inga Dóra Sigfúsdóttir

Jón Sigfússon



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Háskólanum í Reykjavík – Ofanleiti 2

103 Reykjavík, s: 599 6431

Hagir og líðan ungs fólks á Seltjarnarnesi

Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk
á Seltjarnarnesi vorið 2006

© 2006 Rannsóknir & greining

***Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis
Rannsókna & greiningar.***

Unnið fyrir:

Seltjarnarnesbæ

Efnisyfirlit

<i>Yfirlit yfir myndir</i>	5
<i>Listi yfir töflur</i>	10
<i>Inngangsorð</i>	11
<i>Aðferð</i>	12
Pátttakendur og framkvæmd	12
Framkvæmd	12
<i>Neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna</i>	14
Tóbaksnotkun	14
Daglegar reykingar	16
Daglegar reykingar stráka og stelpna	18
Munn- og neftóbaksnotkun	20
<i>Áfengisneysla</i>	30
Ölvun síðastliðna 30 daga	31
Ölvun síðustu 30 daga	32
Ölvun stráka og stelpna	35
<i>Neysla annarra vímuefna</i>	40
Hassneysla	41
Hassneysla stráka og stelpna	43
Neysla annarra ólöglegra vímuefna	45
<i>Félagslegir þættir</i>	49
Samvera foreldra og unglunga	51
Eftirlit og stuðningur foreldra	54
Útivistartími	57
<i>Nám og skóli</i>	60
Mikilvægi náms	62
Líðan í skóla	63
Samskipti við kennara	64
<i>Íþrótt- og tómstundaiðkun</i>	66
Íþróttaiðkun með íþróttafélagi	68
<i>Viðhorf til nýbúa</i>	70
Of margir nýbúar eru búsettir hér á landi?	71
Áhrif menningar nýbúa á íslenskt samfélag	71
Réttindi nýbúa	72
<i>Viðhorf til heimabyggðar og framtíðarhorfur</i>	73
Viðhorf til heimabyggðar	74
<i>Öryggiskennnd</i>	76
<i>Heimildir</i>	78

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997-2006.	16
Mynd 2.	Hlutfall nemenda í 9. bekk sem reykja daglega, árin 2000-2006.	16
Mynd 3.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem reykja daglega, árin 2001-2006.	17
Mynd 4.	Hlutfall stráka í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997 til 2006.	18
Mynd 5.	Hlutfall stelpna í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997 til 2006.	18
Mynd 6.	Hlutfall stráka 9. bekk sem reykja daglega, árin 2003 til 2006.	19
Mynd 7.	Hlutfall stelpna 9. bekk sem reykja daglega, árin 2003 til 2006.	19
Mynd 8.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árin 2003 og 2006.	23
Mynd 9.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árin 2003 og 2006.	23
Mynd 10.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	24
Mynd 11.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	24
Mynd 12.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað munntóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	25
Mynd 13.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	25
Mynd 14.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	26
Mynd 15.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	26
Mynd 16.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað munntóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	27
Mynd 17.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	27
Mynd 18.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	28
Mynd 19.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	28

Mynd 20.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað munntóbak 3 sinnum eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	29
Mynd 21.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	29
Mynd 22.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina, árin 1997 – 2006.	30
Mynd 23.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 1997-2006.	32
Mynd 24.	Hlutfall nemenda í 9. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2001-2006.	32
Mynd 25.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2001-2006.	33
Mynd 26.	Hlutfall stráka í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.	36
Mynd 27.	Hlutfall stelpna í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.	37
Mynd 28.	Hlutfall stráka í 9. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.	37
Mynd 29.	Hlutfall stelpna í 9. bekk sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.	38
Mynd 30.	Hlutfall stráka í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	39
Mynd 31.	Hlutfall stelpna í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	39
Mynd 32.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa einhvern tíma um ævina notað hass, árin 2003 og 2006.	41
Mynd 33.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftari um ævina, árin 2001-2006.	41
Mynd 34.	Hlutfall nemenda í 9. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftari um ævina, árin 2001 til 2006.	42
Mynd 35.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftari um ævina, árin 2005 og 2006.	42

Mynd 36.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 2005 og 2006.	44
Mynd 37.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 2005 og 2006.	44
Mynd 38.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 2005 og 2006.	45
Mynd 39.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftár um ævina, árin 2005 og 2006.	46
Mynd 40.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað sníff (t.d. lím) einu sinni eða oftár um ævina, árin 2005 og 2006.	47
Mynd 41.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað sveppi (sem vímuefni) einu sinni eða oftár um ævina, árin 2004 til 2006.	47
Mynd 42.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað E-töflu einu sinni eða oftár um ævina, árin 2004 til 2006.	48
Mynd 43.	Þróun vímuefnaneyslu unglunga í 10. bekk á Íslandi árin 1997 til 2006. ...	50
Mynd 44.	Hlutfall nemenda í 10. bekk á Íslandi sem reykja ekki eða minna en eina sígarettu á dag, hafa ekki orðið ölvuð sl. 30 daga og hafa aldrei notað hass, árin 1997 til 2006.	50
Mynd 45.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum 2003 og 2006.	53
Mynd 46.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma um helgar, 2003 og 2006.	53
Mynd 47.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldra þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilis, árið 2006.	55
Mynd 48.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin, árið 2006.	55
Mynd 49.	Hlutfall nemenda stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra viti hvar þau séu á kvöldin, árið 2006.	56

Mynd 50.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa verið úti eftir klukkan tíu að kvöldi, einu sinni eða oftár sl. 7 daga 2003 og 2006.	58
Mynd 51.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa verið úti eftir klukkan tíu að kvöldi, þrisvar sinnum eða oftár sl. 7 daga 2003 og 2006.	58
Mynd 52.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa farið út og komið heim eftir miðnætti, einu sinni eða oftár sl. 7 daga, árin 2003 og 2006.	59
Mynd 53.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um þau að finnist námið tilgangslaust, árin 2003 og 2006.	62
Mynd 54.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að líða illa í skólanum, árin 2003 og 2006.	63
Mynd 55.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að langa til að hætta í skólanum, árin 2003 og 2006.	63
Mynd 56.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að semja illa við kennarana, árin 2003 og 2006.	64
Mynd 57.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem ætla í framhaldsskóla (mennta- fjölbrautar, iðn- eða verknám) að loknu núverandi námi, árið 2006.	64
Mynd 58.	Hversu líklegt finnst þér að þú farir í nám á háskólastigi? – Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, árið 2006.	65
Mynd 59.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 1 sinni til 3 sinnum í viku, árin 2003 og 2006.	68
Mynd 60.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 4 sinnum í viku eða oftár, árin 2003 og 2006.	68
Mynd 61.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2006 sem segjast taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi vikulega eða oftár.	69
Mynd 62.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi eftir því hve sammála þau eru því að of margir nýbúar séu búsettir hér á landi, árin 2003 og 2006.	71

Mynd 63.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi eftir því hve sammála þau eru því að sú menning sem fylgi nýbúum hafi jákvæð áhrif á íslenskt samfélag, árin 2003 og 2006.....	71
Mynd 64.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi eftir því hve sammála þau eru því að nýbúar eigi að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar, árin 2003 og 2006.....	72
Mynd 65.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að það sé mikið og gott félagslíf í þeirra sveitarfélagi, árið 2006.	74
Mynd 66.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að það sé mjög gott að búa í þeirra sveitarfélagi, árið 2006.	74
Mynd 67.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að í framtíðinni vilji þau búa áfram í því sveitarfélagi sem þau búa í nú, árið 2006.	75
Mynd 68.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem telja sig mjög eða frekar örugga þegar þau eru ein að gangi um kvöld í nágrenni við heimili sitt, árið 2006.	77
Mynd 69.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem telja sig mjög eða frekar örugga ef þau eru ein að gangi um kvöld um helgi í miðborg Reykjavíkur, árið 2006.	77

Listi yfir töflur

- Tafla 1.** Fjöldi þátttakenda í 8., 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi. 13
- Tafla 2.** Hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskólum á Seltjarnarnesi, árin 2005 og 2006 sem hafa drukkið áfengi (stundum eða oft) á tilteknum stöðum..... 34

Inngangsorð

Frá sjónarmiði lýðheilsu og forvarnarstarfs er mikilvægt að hafa nánar gætur á þróun í vímuefnaneyslu meðal ungs fólks og leitast við að bera kennsl á stöðu þeirra félagslegu þátta sem geta skýrt eða spáð fyrir um slík vandamál. Slíkar upplýsingar eru sérstaklega mikilvægar þegar setja á fram forvarnarstefnu gegn neyslu vímuefna. Til þess að unnt sé að móta stefnu sem á að bera árangur, þarf að byggja á traustum upplýsingum um hvernig staðan er í viðkomandi málaflokkum. Íslenskar og erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að vímuefnaneysla er nátengd félagslegu umhverfi og öðrum þáttum í lífi ungs fólks. Þannig spá þættir á borð við stuðning og eftirlit foreldra, tómstunda- og íþróttaiðkun og samskipti við jafningjahópinn að nokkru fyrir um vímuefnaneyslu meðal unglunga. Það er því brýnt að huga ekki eingöngu að því hvernig neyslu vímuefna er háttað, heldur einnig að stöðu þeirra þátta sem leitt hefur verið í ljós að tengjast henni sterkt.

Í þessari skýrslu er athygli beint að högum og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi. Horft er til neyslu ungmenna á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum og þær niðurstöður bornar saman við ungmenni sem búa utan bæjarfélagsins. Markmiðið er að kanna hversu algeng vímuefnaneysla er meðal þessa aldurshóps. Þá er greint frá niðurstöðum er snerta félagslegt umhverfi ungmenna á Seltjarnarnesi og samanburður gerður við ungmenni annars staðar af landinu.

Niðurstöður í skýrslunni eru settar fram fyrir Seltjarnarnes, en einnig er stillt upp samanburði við höfuðborgarsvæðið og landið í heild. Samanburðurinn er fram settur í þeim tilgangi að varpa betur ljósi á stöðu hvers einstaks sveitarfélags og læra af honum. Vissulega væri unnt að birta tölur fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig, án samanburðar við önnur sveitarfélög eða landið í heild. Þeir sem bera ábyrgð á ungmenum hvers sveitarfélags gætu þá lagt mat á niðurstöðurnar og túlkað í ljósi stefnu sinnar um stöðu í tilteknum málaflokkum. Með því að bera stöðuna saman við önnur sveitafélög er auðveldara að átta sig á því hvaða þættir í félagslegu umhverfi ungmenna á hverjum stað þarfnast nánari skoðunar og ef til vill aðgerða.

Aðferð

Þátttakendur og framkvæmd

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr viðamiklum könnunum Rannsóknna & greiningar sem lagðar hafa verið fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi á árunum 1997 - 2006. Í ár eru þátttakendur nemendur í 8., 9. og 10. bekk nær allra grunnskóla á Íslandi. Hér er því ekki um hefðbundnar úrtakskannanir að ræða heldur hafa þær verið lagðar fyrir allt þýðið. Kannanirnar hafa verið misjafnlega umfangsmiklar eftir árum. Í sumum tilvikum takmarkast þær við spurningar um vímuefnaneyslu unglunga en í öðrum er jafnframt spurt um tengsl við fjölskyldu og vini, líðan, aðstæður í skóla, íþrótt- og tómstundaiðkun og ýmsa aðra félagslega þætti. Árið 2006 var spurt um vímuefnanotkun ásamt fyrrgreindum félagslegum þáttum.

Framkvæmd

Framkvæmd rannsóknanna er þannig háttað að spurningalistar eru sendir í alla skóla á landinu þar sem kennarar sjá um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sitja í kennslustundum þann dag sem kannanirnar fara fram svara spurningalistanum. Með hverjum spurningalista fylgir ómerkt umslag sem nemendur setja listann í að útfyllingu lokinni. Ítrekað er fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað sé að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt eru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þurfa á að halda. Úr rannsókninni vorið 2006 fengust gild svör frá 7.430 nemendum í 9. og 10. bekk á landinu í heild eða rúmum 80% af öllum nemendum í þeim bekkjardeildum. Hvað 8. bekk varðar þá fengust svör frá 3.059 nemendum á landinu í heild og samsvarar það 66% allra áttundubekkinga á landinu.

Vert er að hafa í huga þegar niðurstöður fyrir nemendur á Seltjarnarnesi eru bornar saman við aðra hópa, að sveiflur milli ára gætu virst meiri í sveitarfélaginu en sambærilegar sveiflur á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild sökum þess að fjöldi nemenda er þar mun meiri.

Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda á Seltjarnarnesi í gegnum árin, greint eftir bekkjum. Árið 2006 var heildarsvarhlutfall nemenda á Seltjarnarnesi 83,3%. Svarhlutfallið var 80,5% í 10. bekk, 90,6% í 9. bekk og 80% í 8. bekk.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í 8., 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi.

	<u>2006</u>	<u>2005</u>	<u>2004</u>	<u>2003</u>	<u>2002</u>	<u>2001</u>	<u>2000</u>
8. bekkur	66	63	*	77	65	69	61
9. bekkur	68	76	61	65	58	52	57
10. bekkur	66	73	68	66	54	57	65
Alls:	200	212	129	208	177	178	183

* Árið 2004 var könnunin ekki lögð fyrir nemendur í 8. bekk .

Neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna

Tóbaksnotkun

Árið 1998 reyktu 26% tíundubekkinga á Seltjarnarnesi daglega (mynd 1). Nú árið 2006 sýna niðurstöður að hlutfallið er 9% og er það jafnframt lægst meðal tíundubekkinga á Seltjarnarnesi miðað við nemendur á höfuðborgarsvæðinu (13%) og landsvísu (12%). Nokkrar sveiflur er að finna ef niðurstöður eru skoðaðar fyrir tímabilið 1997 til 2006 og reyktu þannig hlutfallslega fæstir tíundubekkingar á Seltjarnarnesi árið 2003, eða 4%. Athygli vekur að frá árinu 1998 hafa daglegar reykingar verið fátíðari meðal nemenda á Seltjarnarnesi, en á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu.

Hvað nemendur í 9. bekk varðar sýna niðurstöður á mynd 2 að níundubekkingar á Seltjarnarnesi reykja síður daglega í samanburði við nemendur á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu. Nú árið 2006 segjast um 5% þeirra reykja daglega sem er litlu lægra hlutfall en kemur fram meðal níundubekkinga á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild þar sem um 6% níundubekkinga segist reykja daglega. Ef þróun daglegra reykinga er skoðuð yfir tímabilið 2000 til 2006 má sjá að hlutfallslega fæstir nemendur í 9. bekk á Seltjarnarnesi reyktu daglega árin 2001 og 2003, eða um 2%, á meðan daglegar reykingar voru algengastar árin 2000 og 2002 þegar um 7% níundubekkinga á Seltjarnarnesi sögðust reykja daglega.

Hlutfall nemenda í 8. bekk á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild hefur haldist svipað á því tímabili sem hér er skoðað, 2001 til 2006 (sjá mynd 3). Þannig segjast um 3% nemenda á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu reykja daglega nú í ár. Nú mælast daglegar reykingar ekki meðal áttundubekkinga á Seltjarnarnesi, á meðan um 4% áttundubekkinga sagðist reykja daglega árið 2005. Reykingar meðal nemenda í 8. bekk hafa jafnan verið sjaldgæfari meðal nemenda á Seltjarnarnesi og af þeim fimm árum sem sett eru fram á mynd 3 mælast daglegar reykingar varla meðal áttundubekkinga þar.

Ef daglegar reykingar nemenda í 10. bekk eru greindar eftir kyni má sjá (myndir 4 og 5) að töluverðar sveiflur má greina milli ára. Niðurstöður nú í ár sýna að um 12% stráka og 8% stelpna í 10. bekk á Seltjarnarnesi reykja daglega.

Hlutfallið er lægra á Seltjarnarnesi í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landið í heild bæði hvað varðar stelpur og stráka


Ef niðurstöður fyrir strákana eru skoðaðar frekar má sjá (mynd 4) að hlutfallið var hæst meðal þeirra árið 1998 þegar um 31% stráka á Seltjarnarnesi sagðist reykja daglega. Árið 2003 mældust daglegar reykingar hins vegar ekki meðal þeirra en síðan þá hefur hlutfallið stigið jafnt og þétt og árið 2005 var það komið upp í 12% og helst það hlutfall nú óbreytt milli ára.

Hvað stelpurnar varðar þá hefur hlutfallið meðal stelpna á Seltjarnarnesi verið nokkuð undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild. Ákveðnar sveiflur milli ára má greina meðal stelpnanna líkt og hjá strákunum en hlutfallið var hæst árin 1998 og 1999 þegar um 20% stelpna á Seltjarnarnesi sögðust reykja daglega. Nú í ár eru það eins og áður segir um 8% stelpna sem svarar því til og er um að ræða töluverða hækkun frá árinu 2005 þegar daglegar reykingar mældust ekki meðal stelpna á Seltjarnarnesi (mynd 5).


Þegar niðurstöður fyrir 9. bekk eru greindar eftir kyni, kemur fram að 6% stráka og 3% stelpna á Seltjarnarnesi reykja daglega (myndir 6 og 7). Hlutfallið meðal stráka hefur fram til ársins í ár haldist nokkuð lægra en hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild. Árið 2005 mældust daglegar reykingar ekki meðal stráka á Seltjarnarnesi á meðan það átti við um 7% stráka á höfuðborgarsvæðinu og 5% á landsvísu. Nú í ár sýna niðurstöður aftur á móti að 6% stráka á Seltjarnarnesi reykja daglega á meðan 5% stráka á höfuðborgarsvæðinu og 4% á landinu í heild segjast reykja daglega.

Ef niðurstöður eru skoðaðar fyrir stelpur í 9. bekk (mynd 7) má sjá að hlutfallið meðal stelpna á Seltjarnarnesi hefur haldist undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild á því tímabili sem hér er skoðað. Litlar sveiflur eru á milli ára og nú í ár segjast um 3% þeirra reykja daglega á meðan slíkt á við um 7% stelpna í samanburðarhópunum.


Daglegar reykingar



Mynd 1. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997-2006.




Mynd 2. Hlutfall nemenda í 9. bekk sem reykja daglega, árin 2000-2006.




Mynd 3. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem reykja daglega, árin 2001-2006.


Daglegar reykingar stráka og stelpna




Mynd 4. Hlutfall stráka í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997 til 2006.



Mynd 5. Hlutfall stelpna í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997 til 2006.



Mynd 6. Hlutfall stráka 9. bekk sem reykja daglega, árin 2003 til 2006.



Mynd 7. Hlutfall stelpna 9. bekk sem reykja daglega, árin 2003 til 2006.

Munn- og neftóbaksnotkun

Ef litið er til þess hversu tíð munn- og neftóbaksnotkun er meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi þá höfðu 3% nemenda í 8. bekk, 2% í 9. bekk notað munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina árið 2003 á meðan slík neysla mældist ekki það ár meðal nemenda í 10. bekk. Nú árið 2006 mælist slík neysla á munntóbaki 2% meðal nemenda í 8. bekk, 3% í 9. bekk og hlutfallið er komið upp í 9% hjá nemendum í 10. bekk á Seltjarnarnesi (mynd 8).

Neftóbaksnotkun er algengari meðal nemenda en munntóbaksnotkun og á það við um alla hópana þrjá. Ef litið er sérstaklega til nemenda á Seltjarnarnesi má sjá (mynd 9) að neysla á neftóbaki er svipuð í sveitarfélaginu og meðal nemenda í samanburðarhópunum. Neftóbaksnotkun 20 sinnum eða oftar um ævina mælist þó ekki nú í ár meðal nemenda í 8. bekk á Seltjarnarnesi samanborið við 1% áttundubekkinga á höfuðborgarsvæðinu og 2% á landsvísu. Ef litið er til níundu- og tíundubekkinga árið 2006, þá segjast um 2% nemenda í 9. bekk á Seltjarnarnesi hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, en hlutfallið er 2% meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu og 4% á landsvísu. Hvað varðar tíundubekkinga þá hafa um 9% þeirra notað neftóbak sem því nemur sem er svipað og kemur fram á höfuðborgarsvæðinu (8%) og á landinu í heild (10%). Líkt og niðurstöður sýndu varðandi munntóbaksnotkun meðal tíundubekkinga á Seltjarnarnesi þá er um að ræða tölvuverða hlutfallslega hækkun milli ára 2003 og 2006, en árið 2003 höfðu um 2% nemenda í 10. bekk á Seltjarnarnesi notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina en nú á slíkt við um 9% eins og áður segir.

Nemendur voru einnig spurðir að því hversu oft þeir hefðu notað munn- og neftóbak síðastliðna 30 daga fyrir könnun. Á myndum 10 til 13 má sjá niðurstöður fyrir nemendur í 10. bekk árin 2005 og 2006, greindar eftir kyni. Þar má sjá að á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild eru strákar líklegri en stelpur, til að hafa notað munn- og neftóbak síðastliðna 30 daga. Svipaðar niðurstöður er að finna meðal nemenda á Seltjarnarnesi. Strákar á Seltjarnarnesi eru þó hlutfallslega mun líklegri en strákar í samanburðarhópunum til að hafa notað munn- og neftóbak einu sinni eða

oftar síðastliðna 30 daga (myndir 10 og 11). Þannig segjast um 31% þeirra hafa notað munn- og neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga á meðan slíkt á við 13-14% stráka í samanburðarhópunum ef litið er til munntóbaksneyslu og 20-22% þegar neftóbaksneysla er skoðuð. Stelpur eru síður líklegar til að hafa notað munntóbak síðastliðna 30 daga og mælist slík notkun ekki meðal stelpna á Seltjarnarnesi samanborið við 1% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 2% á landinu í heild. Neftóbaksnotkun er algengari en munntóbaksnotkun hjá stelpum líkt og strákum. Niðurstöður nú í ár sýna einnig að stelpur á Seltjarnarnesi eru líklegri en stelpur í samanburðarhópunum til að hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga. Þannig segjast um 10% þeirra hafa notað neftóbak sem því nemur á meðan 6% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 7% stelpna á landinu í heild svara því til.


Í takt við þessar niðurstöður er tíðari neysla (þrisvar sinnum eða oftar) á munn- og neftóbaki síðastliðna 30 daga, að sama skapi algengari meðal stráka í 10. bekk á Seltjarnarnesi en meðal nemenda í samanburðarhópunum (sjá myndir 12 og 13). Tíðari neysla á munn- og neftóbaki mælist hins vegar ekki á meðal stelpna á Seltjarnarnesi og hlutfallið er jafnframt mjög lágt meðal stelpna í samanburðarhópunum.

Þegar niðurstöður fyrir 9. bekk eru skoðaðar má sjá (myndir 14 til 17) að þar er neftóbaksnotkun einnig algengri en munntóbaksnotkun. Hér kemur þó fram aukning milli ára og þá sér í lagi ef litið er til niðurstaðna fyrir stráka í 9. bekk á Seltjarnarnesi. Árið 2005 mældist neysla á munn- og neftóbaki ekki meðal stráka á Seltjarnarnesi en nú árið 2006 segist um 9% þeirra hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga og 11% neftóbak sem því nemur. Í takt við þessar niðurstöður hefur neysla á munn- og neftóbaki að sama skapi aukist meðal stráka á Seltjarnarnesi (sjá myndir 16 og 17). Ef litið er til niðurstaðan fyrir stelpur á Seltjarnarnesi þá mælist hvorki neysla á munn- eða neftóbaki meðal þeirra nú í ár.


Þegar niðurstöður varðandi munn- og neftóbaksnotkun síðastliðna 30 daga meðal nemenda í 8. bekk eru skoðaðar sérstaklega (myndir 18 til 21) má sjá að nú árið 2006 mælist neysla á munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga 3% meðal stráka á Seltjarnarnesi. Niðurstöður sýna einnig að neysla á munntóbaki mælist ekki meðal stelpna og enginn nemandi í 8. bekk á

Seltjarnarnesi hefur notað neftóbak síðastliðna 30 daga á meðan 12% stráka á höfuðborgarsvæðinu og 16% á landsvísu svara því til og 5-6% stelpna. Í takt við þessar niðurstöður mælist tíðari neysla á munn- og neftóbaki ekki meðal nemenda í 8. bekk á Seltjarnarnesi nú í ár.

Neysla á munn- og neftóbaki




Mynd 8. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árin 2003 og 2006.




Mynd 9. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árin 2003 og 2006.


10. bekkur




Mynd 10. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.



Mynd 11. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.




Mynd 12. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað munntóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.




Mynd 13. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.


9. bekkur




Mynd 14. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.



Mynd 15. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.




Mynd 16. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað munntóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.




Mynd 17. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.


8. bekkur




Mynd 18. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.



Mynd 19. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.




Mynd 20. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað munntóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.



Mynd 21. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.

Áfengisneysla

Ef litið er til þess hvort nemendur í 10. bekk hafi orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina má að slíkt á við um 44-46% þeirra nú í ár. Hvað tíundubekkinga á Seltjarnarnesi varðar þá hlutfall þeirra sem höfðu orðið ölvaðir einu sinni eða oftar um ævina hæst árið 2000 þegar slíkt átti við um 69% þeirra (mynd 22). Hlutfallið var jafnframt lægst árið 2002 en hefur frá því ári hækkað jafnt og þétt milli kannana og er nú 46% meðal tíundubekkinga á Seltjarnarnesi.



Mynd 22. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina, árin 1997 – 2006.


Ölvun síðastliðna 30 daga

Ef litið er til þess hversu algengt það er að nemendur hafi orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, má sjá (mynd 23) að nú á það við um 29% tíundubekkinga á Seltjarnarnesi. Það er jafnframt litið eitt hærra en kemur fram meðal tíundubekkinga á höfuðborgarsvæðinu (26%) og á landinu í heild (25%). Hvað niðurstöður fyrir tíundubekkinga á Seltjarnarnesi varðar þá er þetta umtalsverð hækkun á milli ára, þar sem hlutfallið var 16% árið 2005. Þegar litið er til þess hvernig þróun ölvunar síðastliðna 30 daga hefur verið í gegnum árin má sjá að um nokkrar sveiflur er að ræða. Þannig höfðu um 60% tíundubekkinga á Seltjarnarnesi orðið ölvuð síðastliðna 30 daga árið 1998 en ári síðar féll hlutfallið niður í 12% og var þá vel undir meðaltali höfuðborgarsvæðisins (38%) og landsins í heild (35%). Umtalsverð aukning kom síðan fram árið 2000 og var hlutfallið þá svipað og meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu og landsvísu. Árið 2002 lækkaði hlutfallið hins vegar aftur og hélst vel undir meðaltali höfuðborgarsvæðisins og landsins í heild. En eins og áður segir sýna niðurstöður fyrir árið í ár að ölvun síðastliðna 30 daga er nú hlutfallslega aðeins algengari meðal tíundubekkinga á Seltjarnarnesi í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landið í heild.


Ef niðurstöður eru skoðaðar fyrir 9. bekk í þessu sambandi má greina töluvert minni sveiflur en meðal tíundubekkinga (mynd 24). Niðurstöður fyrir árið í ár sýna þó umtalsverða hækkun á milli ára þar sem um 12% nemenda á Seltjarnarnesi, líkt og meðal nemenda í samanburðarhópunum, segist hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga. Hins vegar svöruðu 4% nemenda í 9. bekk á Seltjarnarnesi því til árið 2005. Fram til ársins í ár hefur ölvunardrykkja nemenda í 9. bekk á Seltjarnarnesi verið fátíðari en meðal nemenda í samanburðarhópunum.

Hvað 8. bekk varðar þá hafa um 5% nemenda á Seltjarnarnesi orðið ölvuð síðastliðna 30 daga árið 2006, samanborið við 6% áttundubekkinga á höfuðborgarsvæðinu og 5% á landinu í heild (sjá mynd 25). Hlutfallið meðal áttundubekkinga á Seltjarnarnesi hækkar hér aðeins milli ára, þar sem 2% áttundubekkinga sögðust hafa orðið drukkin síðastliðna 30 daga árið 2005.


Ölvun síðustu 30 daga



Mynd 23. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 1997-2006.



Mynd 24. Hlutfall nemenda í 9. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2001-2006.



Mynd 25. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölvæðir einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2001-2006.

Nemendur voru spurðir hvort og þá hvar þeir hefðu drukkið áfengi. Gefnir voru upp níu tilteknir staðir ásamt svarmöguleikanum – annars staðar. Í töflu 2 má sjá niðurstöður nemenda í 10. bekk, sem sögðust hafa drukkið áfengi *stundum eða oft* á þessum tilteknu stöðum fyrir árin 2005 og 2006. Algengast er að nemendur drekki áfengi *heima hjá öðrum* og á það við um bæði árin og öll landsvæði.

Tafla 2. Hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskólum á Seltjarnarnesi, árin 2005 og 2006 sem hafa drukkið áfengi (stundum eða oft) á tilteknum stöðum.

Staður:	2005 (%)			2006 (%)		
	Seltjarnarnes	Höfuðb.sv.	Landið	Seltjarnarnes	Höfuðb.sv.	Landið
Heima hjá mér:	3	7	6	6	7	8
Heima hjá öðrum:	22	28	28	35	34	34
Í bænum:	7	13	16	19	17	20
Annars staðar úti við:	-	17	19	23	21	23
Á skemmtistað eða pöbb:	6	6	7	17	8	9
Á grunnskólaballi:	0	2	2	1	3	2
Á framhaldsskólaballi:	1	4	6	6	4	6
Í félagsmiðstöð:	-	1	1	1	1	1
Í æfinga- eða keppnisferðum	-	-	-	3	2	2

Ölvun stráka og stelpna

10. bekkur

Ef skoðað er sérstaklega hvernig hlutfall stráka og stelpna skiptist eftir því hvort þau hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga má sjá að um lítinn sem engan mun er að finna milli svæða og þá sér í lagi hvað strákana varðar (mynd 26). Þannig segjast um 24% stráka á Seltjarnarnesi að þeir hafi orðið ölvuð síðastliðna 30 daga, sama hlutfall og kemur fram á höfuðborgarsvæðinu en á landinu í heild svara 23% því til. Árið 2005 var hlutfallið hjá strákunum það sama, óháð búsetu en fram að árinu 2005 hafði ölvun síðastliðna 30 daga verið mun minni meðal stráka á Seltjarnarnesi í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landið í heild. Þannig höfðu um 6% stráka í 10. bekk á Seltjarnarnesi orðið ölvuð sem því nemur árið 2003 á meðan hlutfallið í samanburðarhópunum var á bilinu 25-26%.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir stelpurnar (mynd 27) sést að hlutfall meðal stelpna á Seltjarnarnesi er lítið eitt hærra en meðal stelpna á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsvísu. Þannig segja 33% af stelpunum að þær hafi orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, miðað við 28% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 26% stelpna á landinu í heild. Hér vekur athygli hversu mikið hlutfallið hækkar milli ára meðal stelpna í 10. bekk á Seltjarnarnesi, en árið 2005 svöruðu 10% stelpna á þennan hátt. Ef myndir 26 og 27 eru bornar saman má sjá að stelpur eru líklegri til að hafa orðið ölvuð síðastliðna 30 daga, árin, 2003, 2004 og 2006, þótt munurinn sé ekki mikill.

9. bekkur


Árið 2006 höfðu 15% stráka og 9% stelpna á Seltjarnarnesi orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga (sjá myndir 28 og 29). Hér vekur sérstaka athygli hversu mikið hlutfall stráka í 9. bekk á Seltjarnarnesi hefur hækkað milli ára. Árið 2005 mældist ölvun síðastliðna 30 daga ekki meðal stráka þar á meðan 11% stráka á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu svöruðu því til. Nú í ár sýna niðurstöður aftur á móti að ölvun síðastliðna 30 daga er hlutfallslega tíðari meðal stráka í 9. bekk á Seltjarnarnesi í samburði við önnur svæði.

Hvað stelpur í 9. bekk varðar þá hafa um 9% stelpna á Seltjarnarnesi orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga á meðan slíkt á við 14% stelpna


á höfuðborgarsvæðinu og 13% á landsvísu. Þó hlutfallið meðal stelpna á Seltjarnarnesi sé lægra en meðal stelpna á öðrum svæðum má sjá að það hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2003 þegar um 3% sögðust hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga.

8. bekkur


Árið 2006 hafa 6% stráka og 4% stelpna í 8. bekk á Seltjarnarnesi orðið ölvuð síðastliðna 30 daga (sjá myndir 30 og 31). Hlutfallið hækkar nokkuð milli ára hjá þeim og þá sér í lagi hvað stelpurnar snertir. Árið 2005 mældist ekki ölvun meðal stelpna í 8. bekk á Seltjarnarnesi, en nú er hlutfallið eins og áður segir 4%. Hvað strákana varðar er einnig um að ræða hlutfallslega aukningu á milli ára. Árið 2005 höfðu um 3% stráka í 8. bekk á Seltjarnarnesi orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga en nú svara um 6% því til, sama hlutfall og kemur fram meðal stráka á höfuðborgarsvæðinu og litlu hærra en meðal stráka á landsvísu (5%).




Mynd 26. Hlutfall stráka í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006




Mynd 27. Hlutfall stelpna í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.




Mynd 28. Hlutfall stráka í 9. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.



Mynd 29. Hlutfall stelpna í 9. bekk sem hafa orðið ölváðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.



Mynd 30. Hlutfall stráka í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.



Mynd 31. Hlutfall stelpna í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.


Neysla annarra vímuefna

Árið 2003 eru nemendur í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi síður líklegir til að hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, en ef litið er til niðurstaðna fyrir 8. bekk þáð ár þá voru þáð hlutfallslega fleiri nemendur á Seltjarnarnesi sem höfðu notað hass einu sinni eða oftár um ævina (sjá mynd 32). Niðurstöður nú í ár sýna svipaða mynd. Þannig segjast um 3% áttundubekkinga hafa notað hass einhvern tíma um ævina, sem er sama hlutfall og kemur fram meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu og litlu hærra en á landsvísu (2%). Hassneysla einu sinni eða oftár um ævina er aftur á móti hlutfallslega minni meðal níundubekkinga á Seltjarnarnesi (2%) en kemur fram hjá nemendum í samanburðarhópnum (4%). Munurinn er enn meiri þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir tíundubekkinga. Um 5% tíundubekkinga á Seltjarnarnesi segjast hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina á meðan hlutfallið er 10% á höfuðborgarsvæðinu og 9% á landsvísu.


Þegar niðurstöður eru skoðaðar yfir lengri tíma fyrir nemendur í 10. bekk má sjá að hlutfallið lækkar nú milli ára hvað tíundubekkinga á Seltjarnarnesi varðar. Árið 2005 svöruðu 11% því til en nú er hlutfallið eins og áður segir 5%. Hassneysla einu sinni eða oftár um ævina var hlutfallslega hæst meðal tíundubekkinga á Seltjarnarnesi árið 1998, þegar slík neysla mældist 25% en lægst árið 2002 eða um 2%.

Hvað nemendur í 9. bekk varðar þá hefur hassneysla þeirra sem búsettir eru á Seltjarnarnesi haldist hlutfallslega minni eða nálægt meðaltali samanburðarhópa. Hæst má finna hlutfallið árið 2004 þegar 7% níundubekkinga á Seltjarnarnesi segjast hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina en síðan þá hefur hlutfallið lækkað og er nú eins og áður segir 2% (mynd 34). Meðal áttundubekkinga mældist hassneysla um 3% á Seltjarnarnesi líkt og meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu og litið eitt hærra en á landsvísu (mynd 35).


Hassneysla




Mynd 32. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa einhvern tíma um ævina notað hass, árin 2003 og 2006.



Mynd 33. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2001-2006.



Mynd 34. Hlutfall nemenda í 9. bekk sem hafa notað einu sinni eða oftar um ævina, árin 2001 til 2006.



Mynd 35. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa notað einu sinni eða oftar um ævina, árin 2005 og 2006.

Hassneysla stráka og stelpna

10. bekkur


Á mynd 36 má sjá að árið 2005 höfðu hlutfallslega fleiri strákar í 10. bekk á Seltjarnarnesi, eða 20%, notað hass einu sinni eða oftár miðað við stráka á höfuðborgarsvæðinu (12%) og á landinu í heild (10%). Þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir árið í ár að slík neysla mælist ekki meðal stráka á Seltjarnarnesi samanborið við 10% stráka í samanburðarhópunum. Þessu er öfugt farið þegar litið er til niðurstaðna fyrir stelpur í 10. bekk á Seltjarnarnesi. Árið 2005 mældist slík neysla ekki meðal þeirra en nú í ár sýna niðurstöður að um 8% stelpna á Seltjarnarnesi hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina. Hlutfall meðal stelpna á höfuðborgarsvæðinu helst svipað milli ára sem og hlutfallið meðal stelpna á landsvísu, á bilinu 8-10%.

9. bekkur


Þegar litið er á niðurstöður fyrir 9. bekk árið 2006 (mynd 37) má sjá að nú í ár mælist slík neysla ekki meðal stelpna í 9. bekk á Seltjarnarnesi á meðan 3% stráka í sveitarfélaginu hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina. Hlutfallið er svipað þegar litið er til annarra svæða og hafa um 5% stráka á höfuðborgarsvæðinu og 4% á landsvísu notað hass um ævina. Þá sýna niðurstöður fyrir stelpurnar að 4% svara því til á höfuðborgarsvæðinu og 3% á landsvísu.

8. bekkur


Á mynd 38 má sjá hlutfall áttundubekkinga sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, greint eftir kyni. Árið 2005 mælist neyslan 3% meðal stráka á Seltjarnarnesi á meðan engin stelpa svaraði því til. Í ár mælist slík neysla 4% meðal stelpna í 8. bekk á Seltjarnarnesi og 3% hjá strákunum.



Mynd 36. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2005 og 2006.



Mynd 37. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2005 og 2006.



Mynd 38. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2005 og 2006.


Neysla annarra ólöglegra vímuefna

Hvað varðar neyslu annarra ólöglegra vímuefna eru niðurstöður greindar fyrir nemendur í 10. bekk. Á mynd 39 má sjá hlutfall þeirra nemenda sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftar um ævina fyrir árin 2005 og 2006. Þar má sjá að nú í ár mælist slík neysla ekki meðal tíundubekkinga á Seltjarnarnesi á meðan slíkt á við um 5% nemenda á höfuðborgarsvæðinu og 4% á landsvísu. Myndin sýnir jafnframt að litlar breytingar koma hér fram á milli ára. Þannig helst hlutfallið óbreytt þegar litið er til nemenda á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild, en árið 2005 var hlutfallið 1% meðal tíundubekkinga á Seltjarnarnesi.


Ef litið er til þess hvort nemendur í 10. bekk hafi notað sniff einu sinni eða oftar um ævina má sjá (mynd 40) að nú í ár mælist slík neysla ekki meðal tíundubekkinga á Seltjarnarnesi, á meðan slíkt átti við um 6% nemenda í 10. bekk árið 2005. Myndin sýnir einnig að dregið hefur úr sniffi meðal nemenda í samanburðarhópnum, en árið 2005 var hlutfallið þar 6-7% en er nú á bilinu 2-3%.

Ef litið er til þessu hversu hátt hlutfall nemenda hefur notað sveppi sem vímuefni (mynd 41) má sjá að slík neysla mælist ekki nú í ár meðal tíundubekkinga á Seltjarnarnesi, á meðan það á við um 1% nemenda á höfuðborgarsvæðinu og 2% á landsvísu.


Litlar breytingar hafa átt sér stað þegar neysla á E-töflu er skoðuð en hlutfallið hefur haldist svipað síðustu þrjú árin meðal tíundubekkinga á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild (mynd 42). Ef niðurstöður er skoðaðar fyrir tíundubekkinga á Seltjarnarnesi má aftur á móti sjá breytingar milli ára. Árið 2005 mældist neysla á E-töflu ekki meðal þeirra en nú í ár setjast um 3% tíundubekkinga á Seltjarnarnesi hafa notað E-töflu einu sinni eða oftar um ævina á meðan hlutfallið er 2% í samanburðarhópunum.




Mynd 39. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftar um ævina, árin 2005 og 2006.



Mynd 40. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað sniff (t.d. lím) einu sinni eða oftar um ævina, árin 2005 og 2006.



Mynd 41. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað sveppi (sem vímuefni) einu sinni eða oftar um ævina, árin 2004 til 2006.



Mynd 42. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað E-töflu einu sinni eða oftár um ævina, árin 2004 til 2006.

Félagslegir þættir


Hér að framan hafa niðurstöður verið raktar í tengslum við neyslu nemenda í 8., 9. og 10. bekk á tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum. Fram kemur að þróunin er sú í flestum tilfellum sú að dregið hefur úr vímuefnaneyslu nemenda frá árinu 1998 á landsvísu.

Rannsóknir undanfarinna ára og áratuga hafa sýnt fram á tengsl milli félagslegrar stöðu barna og ungmenna og vímuefnaneyslu.¹ Þannig skiptir miklu máli að ungmenni séu í góðum tengslum við sína nánustu, að þeim líði vel í skólanum og að þau séu virk í tómsundastarfi. Í þessum hluta skýrslunnar verður sjónum beint að þessum félagslegu þáttum. Líkt og í fyrri hlutanum er samanburður við nemendur sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild.


Áður en þær niðurstöður eru settar fram er fróðlegt að skoða myndrænt niðurstöður fyrir neyslu nemenda í 10. bekk grunnskóla landsins á tóbaki, áfengi og hassi. Ef við skoðum fyrst þá sem neyta slíkra vímuefna má sjá (mynd 43) að töluvert hefur dregið hefur úr slíkri vímuefnanotkun frá því að reglulegar mælingar hófust. Þó sér í lagi ef mið er tekið af árinu 1998 fram til dagsins í dag. Í öllum tilvikum er þróunin sú að hlutfall þeirra nemenda sem nota þessi tilteknu vímuefni hefur lækkað umtalsvert.

Það er líka hægt að snúa dæminu við og setja niðurstöður fram þannig að eingöngu er horft til þeirra sem ekki hafa notað þessi vímuefni. Mynd 44 sýnir hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskóla landsins, sem ekki reykja daglega, hafa ekki orðið ölvuð sl. 30 daga frá könnun og hafa aldrei notað hass. Það hlutfall hefur þannig hækkað jafnt og þétt frá því að kannanirnar hófust og nú árið 2006 eru það um 75% nemenda í 10. bekk sem reykja ekki eða minna en eina sígarettu á dag, 88% sem höfðu ekki orðið ölvuð 30 daga fyrir könnun og 91% sem hafa aldrei notað hass.

¹ Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, 1998; Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999.



Mynd 43. Þróun vímuefnaneyslu unglinga í 10. bekk á Íslandi árin 1997 til 2006.



Mynd 44. Hlutfall nemenda í 10. bekk á Íslandi sem reykja ekki eða minna en eina sígarettu á dag, hafa ekki orðið ölvuð sl. 30 daga og hafa aldrei notað hass, árin 1997 til 2006.

Samvera foreldra og unglunga

Mikilvægi sterkra tengsla milli unglunga og foreldra þeirra verða seint ofmetin. Niðurstöður fjölmargra rannsókna bera með sér að samvistartími og samvera unglunga með foreldrum og fjölskyldu hafi margvísleg jákvæð áhrif í lífi þeirra². Rannsóknir hafa sýnt að umhyggja foreldra og eftirlit þeirra með unglungum tengist minni líkum á vímuefnanotkun unglunga³. Unglingar sem eru alla jafnan undir eftirliti foreldra sinna, fá mikinn stuðning frá þeim og verja miklum tíma með þeim eru ólíklegri en aðrir unglingar til að eignast vini sem hafa neikvæð áhrif í lífi þeirra og þeir eru einnig líklegri en aðrir unglingar til að standast hópþrýsting jafnaldranna en þeir sem hafa veikari tengsl við foreldra sína⁴. Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að jákvæð tengsl séu milli stuðnings og aðhalds foreldra og námsárangurs unglunga⁵. Unglingar sem eiga í sterkum, jákvæðum tengslum við foreldra sína eru alla jafna líklegri til að ganga betur í skóla en þeir sem eiga í síðra sambandi við foreldra sína og þeir eru einnig líklegri til að líða vel í skólanum. Þess utan hafa rannsóknir sýnt að unglingar sem eru í nánnum tengslum við foreldra sína eru ólíklegri en aðrir unglingar til að eiga við margvísleg sálræn og félagsleg vandamál að stríða⁶. Foreldrar veita því unglungum mikilvægt félagslegt taumhald sem nær út fyrir eiginlegar samverustundir foreldra og unglunga.

Ef byrjað er á því að skoða hversu oft nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla landsins eru með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum (mynd 45) og þær niðurstöður greindar eftir kyni má sjá að árið 2003 svöruðu um 27% stráka á Seltjarnarnesi því til að þeir væru oft eða nær alltaf með foreldrum utan skólatíma á virkum dögum. Það ár var hlutfallið nokkuð lægra meðal stráka á Seltjarnarnesi, en stráka á höfuðborgarsvæðinu (31%) og á landinu öllu (33%). Nú í ár kveður við annan tón og er hlutfall þeirra stráka sem svara á þennan hátt komið upp í 32% og er nú það sama eða svipað og kemur fram hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu (31%) og á landinu í heild (32%). Öðru máli gegnir hins vegar um stelpurnar. Árið 2003 svöruðu umtalsvert fleiri stelpur á

² Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003, Coleman, 1988, Agnew, 1991, Warr, 1993, Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Pong o.fl. 2005, Davis-Kean 2005.

³ Barnes og Farell, 1992, Svensson, 2003, Borawski o.fl. 2003.


⁴ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Svensson 2003.

⁵ Aunola o.fl. 2000, Sheldon og Epstein, 2005, Inga Dóra Sigfúsdóttir 1999.


⁶ Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson 1991, Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2004.

Seltjarnarnesi, miðað við samanburðarhópana, því til að þær væru oft eða nær alltaf með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum, eða 46% á mótí 36-37% á öðrum svæðum. Nú árið 2006 sýna niðurstöður að hlutfallið hefur lækkað meðal stelpna á Seltjarnarnesi og er það nú 41%. Þó hlutfallið hafi lækkað milli ára 2003 og 2006 er það ennþá hærra meðal stelpna á Seltjarnarnesi í samanburði við 33% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 34% á landinu í heild.

Þá voru nemendur spurðir að því hversu oft þau væru með foreldrum sínum utan skólatíma um helgar. Mynd 46 sýnir niðurstöður þeirrar spurningar fyrir árin 2003 og 2006, greindar eftir kyni og svæðum. Athygli vekur að líkt og með samvistir utan skólatíma á virkum dögum þá hefur hlutfall stráka á Seltjarnarnesi hækkað umtalsvert á milli ára, en hlutfallið meðal stelpnanna lækkar. Þannig sögðust um 29% stráka á Seltjarnarnesi vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar árið 2003 en nú í ár, 2006, er hlutfallið 44% sem er jafnframt nokkuð hærra en kemur fram hjá samanburðarhópunum, eða 38%. Hvað stelpurnar á Seltjarnarnesi varðar þá hefur hlutfallið lækkað lítillega milli ára eins og áður segir. Nú í ár eru það 40% sem segjast vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar, en árið 2003 svöruðu 42% því til. Hlutfall stelpna á Seltjarnarnesi, sem segjast vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar er einnig nokkuð hærra í ár í samanburði við stelpur á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild, þar sem 35% stelpna svara því til.



Mynd 45. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum 2003 og 2006.




Mynd 46. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma um helgar, 2003 og 2006.

Eftirlit og stuðningur foreldra


Árið 2006 segja um 62% stráka og 71% stelpna á Seltjarnarnesi að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilis (mynd 47). Þessar niðurstöður sýna að hlutfallið er nokkuð hærra meðal nemenda á Seltjarnarnesi í samanburði við önnur svæði. Hvað strákana varðar þá er hlutfallið meðal stráka á höfuðborgarsvæðinu (53%) og á landinu í heild (51%). Hlutfall meðal stelpna á höfuðborgarsvæðinu er (61%) og á landsvísu (59%).

Þegar niðurstöður eru skoðaðar um hversu vel það á við um nemendur í 9. og 10. bekk grunnskólanna að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin má sjá (mynd 48) að um níu af hverjum tíu strákum á Seltjarnarnesi segir að það eigi mjög eða frekar vel við um þá. Hér kemur fram mikill munur á milli stráka á Seltjarnarnesi annars vegar og stráka í samanburðarhópunum hins vegar, á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið 63% og á landsvísu um 60%. Þegar litið er á niðurstöður fyrir stelpur á Seltjarnarnesi má sjá að þær eru líklegri en stelpur í samanburðarhópunum til að segja að slíkt eigi mjög eða frekar vel við um þær þó svo munurinn sé ekki eins mikill og kemur fram meðal stráka. Þannig svara 83% stelpna á Seltjarnarnesi því til, en 76% á höfuðborgarsvæðinu og 74% á landinu í heild.


Þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir hversu vel nemendur telja að það eigi við um þá að foreldrar þeirra viti hvar þau eru á kvöldin má sjá (mynd 49) að níu af hverjum tíu nemendum á Seltjarnarnesi svara að slíkt eigi mjög eða frekar vel við um þá. Hér skera nemendur á Seltjarnarnesi sig úr og er hlutfallið miklu hærra meðal þeirra í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landinu í heild. Það á sérstaklega við þegar niðurstöður fyrir strákana eru skoðaðar. Hlutfallið meðal stráka á Seltjarnarnesi er eins og áður segir 90% á meðan það er 69% meðal stráka á höfuðborgarsvæðinu og 67% á landinu í heild. Munurinn er ekki eins mikill á milli hópa hvað stelpurnar varðar en 83% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 81% á landinu í heild segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þær að foreldrar þeirra viti hvað þær eru á kvöldin.



Mynd 47. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldra þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilis, árið 2006.



Mynd 48. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin, árið 2006.



Mynd 49. Hlutfall nemenda stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra viti hvar þau séu á kvöldin, árið 2006.


Útivistartími

Ef litið er til þessu hversu algengt það er að nemendur séu úti eftir klukkan 10 að kvöldi má sjá (mynd 50) að mikill meirihluti þeirra segist hafa verið úti einu sinni eða oftar sem því nemur síðastliðna 7 daga fyrir könnun. Á það við alla hópa óháð búsetu og kyni.


Þannig segjast um 80% stráka og 76% stelpna á Seltjarnarnesi árið 2006 að þau hafi verið út eftir 10 að kvöldi einu sinni eða oftar síðastliðna 7 daga. Hvað strákana varðar er hlutfallið svipað og kemur fram meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu (79%) og á landinu í heild (78%), en stelpur á Seltjarnarnesi virðast vera hlutfallslega síður úti fram yfir lögboðinn útivistartíma miðað við stelpur á höfuðborgarsvæðinu (82%) og á landinu í heild (80%).

Ef litið er til þess hversu hátt hlutfall nemenda var úti fram yfir lögboðinn útivistartíma þrisvar sinnum eða oftar síðastliðna 7 daga fyrir könnun má sjá að hlutfall stelpna á Seltjarnarnesi sem svara því til hefur hækkað töluvert á milli árána 2003 og 2006. Þannig sögðust um 23% stelpna á Seltjarnarnesi árið 2003 að þær hefðu verið úti sem því næmi. Nú í ár er hlutfallið 51% sem er jafnframt mun hærra en kemur fram meðal stelpna á höfuðborgarsvæðinu (42%) og á landinu í heild (41%). Ef litið er á niðurstöður fyrir stráka á Seltjarnarnesi, má sjá að hlutfallið hækkar lítið milli árána 2003 og 2006. Árið 2003 sögðust um 44% stráka að þeir hefði verið úti þrisvar sinnum eða oftar eftir klukkan tíu að kvöldi síðustu sjö dagana fyrir könnun en nú í ár er hlutfallið 45%. Hvaða stráka í samanburðarhópunum varðar þá svara 40% þeirra því til.


Þegar nemendur voru spurðir að því hversu oft þeir hafi farið út og komið heim eftir miðnætti einu sinni eða oftar síðastliðna sjö daga kemur í ljós (mynd 52) að umtalsverð aukning kemur fram meðal nemenda á Seltjarnarnesi. Árið 2003 höfðu um 21% stráka og 30% stelpna farið út og komið heim eftir miðnætti einu sinni eða oftar síðustu 7 daga fyrir könnun. Nú þremur árum síðar er hlutfallið 44% meðal stráka og um helmingur stelpna svarar því til. Þó svo hlutfallið hafi hækkað svona mikið meðal nemenda á Seltjarnarnesi þá er það nú í ár mjög svipað og meðal nemenda í samanburðarhópunum.



Mynd 50. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa verið úti eftir klukkan tíu að kvöldi, einu sinni eða oftar sl. 7 daga 2003 og 2006.



Mynd 51. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa verið úti eftir klukkan tíu að kvöldi, þrisvar sinnum eða oftar sl. 7 daga 2003 og 2006.



Mynd 52. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa farið út og komið heim eftir miðnætti, einu sinni eða oftar sl. 7 daga, árin 2003 og 2006.

Nám og skóli

Sýnt hefur verið fram á að tengsl unglunga við skólann og líðan þeirra í honum séu mikilvægir þættir fyrir almenna líðan þeirra⁷. Í nútíma samfélagi er námsárangur sífellt mikilvægari þáttur í velferð og vegsemd einstaklinga. Það er því mikilvægt að unglingum, stelpum jafnt sem strákum, líði vel í skólanum sínum og að þeir tengist honum og náminu sjálfu sterkum böndum. Niðurstöður rannsókna benda til að skuldbinding unglunga við nám og skóla hafi mikilvæg og jákvæð áhrif á þá og dragi úr líkum á áhættuhegðun, svo sem vímuefnaneyslu⁸ og ofbeldishegðun⁹. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að nemendur sem eru jákvæðir gagnvart skólanum og líður vel í honum eru alla jafna líklegri en aðrir nemendur til að leggja á sig það sem þarf til að gera vel í námi sínu¹⁰.

Nemendur voru beðnir um að svara spurningum er snertu líðan þeirra og samskipti í skólanum ásamt spurningum um viðhorf þeirra til náms síns. Þegar spurt var hvort nemendum þætti nám sitt vera tilgangslaust má greina mun á milli árána 2003 og 2006. Þannig þótti hlutfallslega fleiri strákum námið vera oft eða nær alltaf tilgangslaust árið 2003 en niðurstöður sýna nú í ár (sjá mynd 53). Um 10% stráka á Seltjarnarnesi fannst það eiga oft eða nær alltaf við um sig að námið væri tilgangslaust en árið 2006 er hlutfallið 2%, á meðan 8% stráka á öðrum svæðum svara því til. Stelpurnar eru síður líklegri til að svara á þennan hátt, þótt dregið hafi saman á milli ára. Árið 2003 átti það ekki við um neina stelpu í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi að finnast námið tilgangslaust, en nú í ár er hlutfallið 1% á Seltjarnarnesi samanborið við 5% stelpna á öðrum svæðum.

Þegar litið er til þess hvernig nemendum líður í skólanum kemur fram að mikill meirihluti nemenda segir að sér líði vel. Þó eru um 5% stráka á Seltjarnarnesi árið 2006 sem segja að sér líði oft eða nær alltaf illa í skólanum (mynd 54). Þetta er lægra hlutfall en kom fram árið 2003, þegar 10% stráka svöruðu því til. Ef litið er til stráka á öðrum svæðum þá hefur hlutfallið lækkað

⁷ Coleman, 1988, Hirchi, 1969.

⁸ Ingibjörg Kaldalóns, 1996, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003.

⁹ Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003.

¹⁰ Sanders, 1998.

meira á milli þessara ára, á höfuðborgarsvæðinu, úr 13% í 6% og á landinu í heild, úr 14% í 7%. Hvað varðar stelpurnar á Seltjarnarnesi þá hækkar hlutfallið milli ára. Í ár segjast um 6% þeirra að það eigi oft eða nær alltaf við um þær að sér líði illa í skólanum en árið 2003 svaraði engin stelpa á Seltjarnarnesi því til.

Þá voru nemendur spurðir að því hversu oft það ætti við um að þá langaði að hætta í skólanum. Á mynd 55 má sjá að hlutfallið hefur hækkað milli árána 2003 og 2006 hjá strákum á Seltjarnarnesi en lækkar hjá strákum á öðrum svæðum. Þannig sögðu 3% stráka á Seltjarnarnesi árið 2003 að það ætti oft eða nær alltaf við um þá á meðan 7% svara því til nú í ár. Hvað stelpurnar varðar þá átti slíkt við um 3% árið 2003 en nú svara 4% þeirra því til. Þótt hlutfallið hafi hækkað hjá nemendum á Seltjarnarnesi þá er það nokkuð lægra en kemur fram meðal nemenda í samanburðarhópunum.


Þegar niðurstöður spurningar er lýtur að samskiptum nemenda við kennara sína eru skoðaðar má sjá að 5% stráka á Seltjarnarnesi segja að það eiga oft eða nær alltaf við um þá að sér semji illa við kennarann sinn (mynd 56). Þá svara 1% stelpna í sveitarfélaginu því til. Þetta er mun lægra hlutfall en kemur fram meðal nemenda í samanburðarhópunum, bæði hvað varðar stráka og stelpur.

Í könnuninni voru nemendur sérstaklega beðnir um að líta til framtíðar og þeir spurðir um framtíðaráform sín varðandi frekari menntun (mynd 57). Í ljós kemur að mikill meirihluti nemenda ætlar sér í frekara nám að loknum grunnskóla. Þannig svörðu 87% stráka í 9. og 10. bekk grunnskóla Seltjarnarness því til að þeir hygðust leggja stund á nám í mennta- eða fjölbrautarskóla að loknu núverandi námi. Hlutfallið er enn hærra ef litið er til stelpnanna og sögðust 97% stelpna á Seltjarnarnesi að þær ætli í mennta-eða fjölbrautarskóla að loknu núverandi námi, 91% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 90% á landinu í heild. Strákarnir eru líklegri en stelpurnar til að segjast ætla í iðn- eða verknám að loknu núverandi námi. Athygli vekur að enginn nemandi í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi telur líklegt að hann fari að vinna að loknu núverandi námi.

Þá voru nemendur spurðir að því hversu líklegt væri að þeir færu í nám á háskólastigi. Mikill meirihluti taldi það vera mjög eða frekar líklegt (sjá mynd 58). Hér kemur fram nokkur munur á milli nemenda á Seltjarnarnesi og nemenda í samanburðarhópunum. Þannig segjast um 82% stráka og 88%


stelpna á Seltjarnarnesi að það sé mjög eða frekar líklegt að þau fari í nám á háskólastigi. Um 72% stráka á höfuðborgarsvæðinu og 67% stráka á landinu í heild (67%) svara því til og ef litið er til stelpna í samanburðarhópunum þá er hlutfallið 80% á höfuðborgarsvæðinu og 77% á landsvísu.

Mikilvægi náms




Mynd 53. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um þau að finnast námið tilgangslaust, árin 2003 og 2006.

Líðan í skóla




Mynd 54. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að líða illa í skólanum, árin 2003 og 2006.




Mynd 55. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að langa til að hætta í skólanum, árin 2003 og 2006.


Samskipti við kennara



Mynd 56. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að semja illa við kennarana, árin 2003 og 2006.



Mynd 57. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem ætla í framhaldsskóla (mennta- fjölbrautar, iðn- eða verknám) að loknu núverandi námi, árið 2006.



Mynd 58. Hversu líklegt finnst þér að þú farir í nám á háskólastigi? – Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, árið 2006.

Íþrótt- og tómsundaiðkun

Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að iðkun íþróttar og líkamsræktunar sé holl og góð fyrir ungt fólk og unglinga. Iðkun íþróttar og reglulegrar hreyfingar tengist líkum á áhættuhegðun með neikvæðum hætti. Hafa rannsóknir sýnt að regluleg íþróttaiðkun og þjálfun líkamans eru dæmi um heilsusamlegan lífsstíl sem dregur úr líkum á því að unglingar tileinki sér þá lífnaðarhætti sem fylgja notkun vímuefna¹¹. Rannsóknir hafa einnig sýnt að íþróttir sem eru stundaðar undir eftirliti hefðbundinna ábyrgra aðila, svo sem íþróttþjálfara eða leiðbeinanda, draga enn frekar úr líkum á áhættuhegðun eins og neyslu vímuefna¹². Ýmsar aðrar rannsóknir hafa gefið til kynna að íþróttaiðkun, hreyfing og heilsurækt hafi margvísleg önnur jákvæð áhrif í lífi unglinga. Til að mynda hefur verið sýnt fram á að hreyfing og þjálfun líkamans tengist námsárangri með jákvæðum hætti¹³, hafi jákvæð áhrif á mataræði¹⁴ og sjálfstraust¹⁵. Þá sýna rannsóknir að íþróttir og hreyfing dragi úr líkum á offitu¹⁶, og hafi jákvæð áhrif á svefn og svefnvenjur meðal unglinga¹⁷. Engum blöðum er því um það að fletta að íþróttaiðkun og annars konar líkamleg hreyfing hefur margvísleg jákvæð áhrif á líf og líðan barna og unglinga.

Ef byrjað er á því að skoða hversu algeng íþróttaiðkun með íþróttafélagi er, má sjá (mynd 59) að 15% stráka á Seltjarnarnesi æfa einu sinni til þrisvar sinnum í viku, á meðan um 24% stelpna segir svo vera. Hér er um að ræða töluverða lækkun á milli ára hvað strákana varðar en hækkun ef litið er til stelpnanna. Þannig sögðust um 33% stráka og 20% stelpna á Seltjarnarnesi stunda íþróttir 1 sinni til 3 sinnum í viku árið 2003. Ef niðurstöður ársins í ár eru bornar saman við önnur svæði er hlutfallið hjá strákum á Seltjarnarnesi nokkuð lægra en á höfuðborgarsvæðinu (17%) og á landsvísu (20%). Hvað stelpurnar á Seltjarnarnesi snertir þá eru þær hlutfallslega líklegri til að stunda íþróttir með íþróttafélagi sem þessu nemur þar sem hlutfallið er 18% á höfuðborgarsvæðinu og 19% á landinu í heild.

¹¹ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003. Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1994.

¹² Moore og Werch, 2005.

¹³ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006.

¹⁴ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006, Pate o.fl. 2000,

¹⁵ Tremblay o.fl. 2000, Allegrante 2004.


¹⁶ Allegrante, 2004, Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006, Taras og Potts-Datema, 2005a.

¹⁷ Taras og Potts-Datema, 2005b.


Það kemur aftur á móti í ljós að þegar niðurstöður fyrir íþróttaiðkun með íþróttafélagi árið 2006 eru greindar eftir því hvort nemendur æfa eða keppa fjórum sinnum í viku eða oftar, að hlutfallið meðal stelpna á Seltjarnarnesi er mun hærra en kemur fram hjá stelpum í samanburðarhópunum. Þannig sýna niðurstöður að um 37% stelpna í 9. og 10. bekk grunnskóla Seltjarnarness segjast stunda íþróttir sem því nemur á meðan 27% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 28% á landinu í heild svara því til. Hvað strákana á Seltjarnarnesi varðar þá stunda 48% þeirra íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar nú árið 2006 sem er jafnframt töluvert hærra en gengur og gerist hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu (37%) og á landinu í heild (36%). Hér vekur einnig athygli að hlutfall nemenda sem æfa fjórum sinnum í viku eða oftar hefur aukist milli ára 2003 og 2006 og á það við um alla hópana.

Þá voru nemendur spurðir að því hvort þeir tækju þátt í skipulögðu tómstundastarfi vikulega eða oftar. Á mynd 61 má sjá að um 54% stráka á Seltjarnarnesi segist taka þátt í slíku tómstundastarfi, sem er töluvert hærra en kemur fram á höfuðborgarsvæðinu (41%) og á landsvísu (46%). Stelpurnar á Seltjarnarnesi (48%) taka jafnframt frekar þátt í skipulögðu tómstundastarfi vikulega eða oftar miðað við stelpur á höfuðborgarsvæðinu (40%) og á landinu í heild (45%).


Íþróttaiðkun með íþróttafélagi



Mynd 59. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 1 sinni til 3 sinnum í viku, árin 2003 og 2006.



Mynd 60. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 4 sinnum í viku eða oftar, árin 2003 og 2006.



Mynd 61. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2006 sem segjast taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi vikulega eða oftar.

Viðhorf til nýbúa


Í þessum kafla má sjá svör nemenda í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi við spurningum um viðhorf til nýbúa.

Á mynd 62 má sjá að árið 2003 var um þriðjungur stráka á Seltjarnarnesi mjög eða frekar sammála því að of margir nýbúar væru búsettir hér á landi. Nú ár hefur hlutfallið hækkað töluvert og svarar rétt innan við helmingur stráka því til, á meðan um 14% eru mjög eða frekar ósammála því. Stelpur á Seltjarnarnesi telja síður að of margir nýbúar séu búsettir hér á landi og segjast um 24% þeirra að þær séu mjög eða frekar sammála fullyrðingunni, á meðan 38% taka ekki beina afstöðu og önnur 38% eru ósammála því.

Ef litið er til þess hvort nemendur á Seltjarnarnesi séu sammála eða ósammála þeirri fullyrðingu að áhrif menningar nýbúa hafi jákvæð áhrif á íslenskt samfélag má sjá (mynd 63) að árið 2003 voru 27% stráka ósammála þeirri fullyrðingu á meðan það átti við um 15% stelpna. Nú árið 2006 segist ríflega helmingur stráka hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni á meðan 23% eru sammála og 20% ósammála. Ef litið er til stelpnanna í þessu sambandi þá taka þær frekar afstöðu og telur um 41% þeirra að sú menning sem fylgi nýbúum hafi jákvæð áhrif á íslenskt samfélag, 38% taka ekki beina afstöðu og 21% er ósammála.


Þegar nemendur voru spurðir árið 2003, hvort nýbúar ættu að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar var mikill meirihluti þeirra sammála fullyrðingunni (sjá mynd 64). Niðurstöður fyrir árið í ár sýna svipaða mynd en hlutfallið þeirra stráka sem eru sammála hefur þó lækkað milli ára. Þannig segjast um 50% stráka að þeir séu mjög eða frekar sammála því að nýbúar eigi að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar á meðan 35% stráka taka ekki beina afstöðu og 15% eru ósammála. Hvað stelpurnar varðar þá hefur hlutfall þeirra stelpna sem eru sammála hækkað milli ára og segjast nú um 68% þeirra vera mjög eða frekar sammála, á meðan 16 eru ósammála fullyrðingunni og 17% taka ekki beina afstöðu.

Of margir nýbúar eru búsettir hér á landi?




Mynd 62. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi eftir því hve sammála þau eru því að of margir nýbúar séu búsettir hér á landi, árin 2003 og 2006.

Áhrif menningar nýbúa á íslenskt samfélag



Mynd 63. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi eftir því hve sammála þau eru því að sú menning sem fylgi nýbúum hafi jákvæð áhrif á íslenskt samfélag, árin 2003 og 2006.

Réttindi nýbúa



Mynd 64. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi eftir því hve sammála þau eru því að nýbúar eigi að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar, árin 2003 og 2006.

Viðhorf til heimabyggðar og framtíðarhorfur


Nú árið 2006 sýna niðurstöður að viðhorf stelpna og stráka á Seltjarnarnesi til bæjarfélags síns virðist vera nokkuð líkt. Þannig má sjá að um 88% stráka og 85% stelpna í 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi eru mjög eða frekar sammála því að félagslífið sé gott í þeirra bæjarfélagi (sjá mynd 65).

Athygli vekur að hlutfall nemenda á Seltjarnarnesi er nokkuð hærra en meðal stelpna á höfuðborgarsvæðinu (73%) og á landinu í heild (71%).


Mikill meirihluti allra nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla landsins er mjög eða frekar sammála því að það sé mjög gott að búa í þeirra bæjarfélagi. Hér kemur ekki fram mikill munur á milli stelpna og stráka á Seltjarnarnesi sem eru mjög eða frekar sammála því að það sé gott að búa í bæjarfélaginu þeirra (sjá mynd 66), þótt strákar séu enn líklegri en stelpur til að vera mjög eða frekar sammála því að gott sé að búa í þeirra sveitarfélagi. Þótt hlutfall meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild sé einnig mjög hátt, sýna niðurstöður að nemendur á Seltjarnarnesi eru enn líklegri til að vera sammála fullyrðingunni.

Á mynd 67 má sjá að um 77% stráka og 63% stelpna á Seltjarnarnesi eru mjög eða frekar sammála því að þau vilji í framtíðinni búa áfram í því sveitarfélagi sem þau búa í nú. Hvaða strákana varðar þá er hlutfallið litlu hærra en kemur fram meðal stráka á höfuðborgarsvæðinu (67%) og meðal stráka á landinu öllu (64%). Hlutfallið er svipað meðal stelpna á Seltjarnarnesi og kemur fram á öðrum svæðum. Hér vekur óneitanlega athygli hversu mikill munur kemur fram á milli stráka og stelpna á Seltjarnarnesi, þar sem strákarnir eru líklegri til að vera mjög eða frekar sammála því að þeir vilji áfram búa í því sveitarfélagi sem þeir búa í núna.


Viðhorf til heimabyggðar



Mynd 65. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að það sé mikið og gott félagslíf í þeirra sveitarfélagi, árið 2006.



Mynd 66. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að það sé mjög gott að búa í þeirra sveitarfélagi, árið 2006.




Mynd 67. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að í framtíðinni vilji þau búa áfram í því sveitarfélagi sem þau búa í nú, árið 2006.


Öryggiskennd

Í könnuninni nú í ár voru nemendur spurðir um hvort þeir teldu sig vera örugga eða óörugga væru þeir einir á gangi um kvöld í nágrenni við heimili sitt, sem og um kvöld um helgi í miðborg Reykjavíkur. Ef við skoðum fyrst niðurstöður spurningarinnar er lýtur að þeirra eigin nágrenni, má sjá að mikill meirihluti nemenda í 9. og 10. bekk telur sig vera mjög eða frekar öruggan. Þannig telja allir strákar á Seltjarnarnesi, eða 100% og 87% stelpna sig vera örugg ein að gangi um kvöld í nágrenni við heimili sitt. Hlutfallið er það sama eða mjög svipað ef litið er til öryggistilfinningar nemenda sem búa á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild (sjá mynd 68). Þó sýna þessar niðurstöður að strákar á Seltjarnarnesi eru hlutfallslega öruggari en strákar á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild þó um 95% þeirra svari því til.

Önnur mynd kemur fram þegar litið er til þess hvort nemendur telji sig vera örugga eina á gangi að kvöldlagi um helgi í miðborg Reykjavíkur, sér í lagi ef litið er til mismunandi afstöðu kynja (mynd 69). Þannig eru það um 29% stelpna á Seltjarnarnesi og um fjórðungur stelpna á öðrum svæðum sem segjast vera mjög eða frekar öruggar einar á gangi um kvöld um helgi í miðborg Reykjavíkur. Strákarnir eru töluvert öruggari en um 51% stráka á Seltjarnarnesi, 59% á höfuðborgarsvæðinu og 56% á landinu í heild segist vera mjög eða frekar öruggir einir á gangi um kvöld um helgi í miðborg Reykjavíkur.



Mynd 68. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem telja sig mjög eða frekar örugga þegar þau eru ein að gangi um kvöld í nágrenni við heimili sitt, árið 2006.



Mynd 69. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem telja sig mjög eða frekar örugga ef þau eru ein að gangi um kvöld um helgi í miðborg Reykjavíkur, árið 2006.

Heimildir

- Agnew, R. (1991). A longitudinal test of social control theory and delinquency. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 28, 126-156.
- Allegrante, J.P. (2004). Unfit to Learn. *Education Week*, 24, 38-40.
- Aunola, K., Stattin, H. og Nurmi, J.E. (2000). Parenting styles and adolescents' achievement strategies. *Journal of Adolescence*, 23, 205-222.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2005). *Ungt fólk 2004: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Barnes, G.M. og Farrell, M.P. (1992). Parental support and control as predictors of adolescent drinking, delinquency, and related problem behaviors. *Journal of Marriage and the Family*, 54, 763-776.
- Borawski, E.A., Ievers-Landis, C.E., Lovegreen, L.D. og Trapl, E.S. (2003). Parental Monitoring, Negotiated Unsupervised Time, and Parental Trust: The Role of Perceived Parenting Practices in Adolescent Health Risk Behaviors. *Journal of Adolescent Health*, 33, 60-70.
- Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95-120.
- Davis-Kean, P.E. (2005). The Influence of Parent Education and Family Income on Child Achievement: The Indirect Role of Parental Expectations and the Home Environment. *Journal of Family Psychology*, 19, 294-304.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, og Allegrante, J.P. (2006). Health behaviour and academic achievement in Icelandic school children. *Health Education Research*, 9. júní (sótt á Epub fyrir prentun).
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Farkas, G. og Silver, E. (2004). The Role of Depressed Mood and Anger in the Relationship Between Family Conflict and Delinquent Behavior. *Journal of Youth and Adolescents*, 33, 509-522.
- Ingibjörg V. Kaldalóns (1996). *Vímuefnaneysla íslenskra unglunga*. Óbirt M.A. ritgerð.
- Hera Hallbera Björnsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2003). *Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun íslenskra unglunga*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. Berkley: University of California Press.
- Moore, M.J. og Werch, C.E.C. (2005). Sport and physical activity participation, and substance use among adolescents. *Journal of Adolescent Health*, 36, 486-493.

- Pate, R.R., Trost, S.G., Levin, S. og Dowda, M. (2000). Sports participation and health-related behaviors among US youth. *Archives of Pediatrics & Adolescent Medicine*, 154, 904-911.
- Pong, S., Hao, L., og Gardner, E. (2005). The Roles of Parenting Styles and Social Capital in the School Performance of Immigrant Asian and Hispanic Adolescents. *Social Science Quarterly*, 86, 928-950.
- Sanders, M.G. (1998). The effects of school, family and community support on the academic achievement of African American adolescents. *Urban Education*, 33, 385-409.
- Svensson, R. (2003). Gender differences in adolescent drug use – The impact of parental monitoring and peer deviance. *Youth & Society*, 34, 300-329.
- Taras, H. og Potts-Datema, W. (2005a). Obesity and student performance at school. *Journal of School Health*, 75, 291-295.
- Taras, H. og Potts-Datema, W. (2005b). Sleep and student performance at school. *Journal of School Health*, 75, 248-254.
- Tremblay, M.S., Inman, J.W. og Willms, J.D. (2000). The relationship between physical activity, self-esteem, and academic achievement in 12-year-old children. *Pediatrics Exercise Science*, 12, 312-323.
- Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31, 17-40.
- Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (1999). Þróun vímuefnaneyslu íslenskra unglunga: Yfirlit yfir niðurstöður íslenskra rannsókna á vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk grunnskóla 1995-1999. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. (1998). Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson (1991). Factors related to cigarette smoking and alcohol use among adolescents. *Adolescence*, 26, 399-418.